

N-saga

Það var laugardagur, og _____ var að fara út í búð með fjölskyldu sinni til að kaupa nammi, því að laugardagar eru nammidagar, ekki satt? En þegar þau komu út í búðina var ekkert nammi til. "Allt nammið hvarf bara í nótt," sagði starfsfólkið í búðinni. "Það hlýtur einhver nammipjófur að hafa stolið því!"

Þau reyndu að fara í aðra búð, en þar var sömu sögu að segja. Allt nammið var horfið og ekkert við því að gera! Þau urðu bara að fresta nammideginum þangað til seinna.

Þegar _____ kom heim mundi hann allt í einu eftir því að hann átti ennþá einn brjóstsykursmola frá því um síðustu helgi svo að hann fór inn á herbergið sitt og ætlaði að borða hann, fyrst ekki var annað í boði.

En þegar hann kom þangað sá hann skrítna sjón. Þarna var naggrís, sem sat uppi á hillu, hélt á brjóstsykrinum milli loppanna og hámaði hann í sig.

Nú varð _____ auðvitað reiður. "Hvað á nú þetta að þýða?" sagði hann. "Stelurðu bara brjóstsykrinum mínum? Þjófurinn þinn! Stalst þú kannski líka namminu úti í búð?"

Auðvitað bjóst hann ekki við svari, því að naggrísir geta ekki talað. Þess vegna varð hann mjög hissa þegar naggrísinn svaraði henni samt.

"Æ, fyrirgefðu," sagði hann skömmustulegur. "Ég var bara svo svangur, og þetta er eina nammið sem ég gat fundið á öllu landinu. Vondi galdrakarlinn er nefnilega búinn að stela því

öllu."

Það kom í ljós að hann hét Naggi Naggrís, og hann var mjög sólginn í nammi. Þess vegna var hann núna í stökustu vandræðum. "Það var einu sinni norn sem lagði á mig þau álög að ég gæti ekki borðað neitt nema það sem byrjar með N," útskýrði hann "Og mér finnast bæði nýru og næpur vond, svo að þá er eiginlega bara nammi eftir. Ég hef lifað á nammi í mörg ár."

"Heyrðu, Naggi," sagði _____, "þetta gengur ekki hjá þér. Þú veist að það er mjög óhollt að borða nammi á hverjum degi. Og það er nú til ýmislegt fleira sem byrjar á N, til dæmis núðlur og nautakjöt. Þú verður að lofa mér því að hætta að borða svona mikið nammi."

"Allt í lagi," sagði Naggi niðurlútur. "Ég skal reyna að muna það."

"En," bætti _____ við, "það má heldur ekki leyfa vonda galdrakarlinum að komast upp með svona háttalag. Nú skulum við bara fara til hans og fá hann til að skila namminu aftur!"

Þetta samþykkti Naggi strax, og þeir lögðu af stað. Þeir gengu lengi, lengi, yfir fjöll og firnindi, um strendur og dali og yfir hæðir og hóla. Loks komu þeir að stóru vatni. Þar heyrðu þeir einhvern hneggja og síðan hrópa á hjálp. Hvað var nú þetta? Þeir gengu á hljóðið og þá sáu þeir skrytinn hest sem sat fastur vegna þess að taglið hans hafði flækst í gaddavírsgirðingu.

"Halló hestur," sagði _____, "Viltu fá hjálp?"

"Halló barnið gott," var svarað. "Ég er reyndar ekki hestur, en ég gæti alveg þegið smá aðstoð."

”Ertu ekki hestur?” spurði _____.

”Hvað ertu þá?”

”Ég er nykur,” sagði hann. ”Ég lít svolítið út eins og hestur, en ég er með öfuga hófa og ég bý niðri í vatninu.”

_____ kynnti sig og Nagga naggrís, og svo losaði hann nykurinn úr gaddavírnum.

Þegar hann var búinn sagði nykurinn: ”Þakka þér kærlega fyrir. Mig langar að gefa þér svolítið að launum. Bíddu hérna meðan ég sæki það.” Svo stökk hann niður í vatnið og var kominn á bólakaf fyrr en varði. Skömmu síðar kom hann þjótandi upp aftur, en í þetta sinn hafði hann poka milli tannanna.

_____ tók við pokanum, og nykurinn sagði: ”Þetta er töfrapoki sem hefur þá náttúru að maður getur tekið upp úr honum hvað sem maður þarf á að halda. Ég vona að hann gagnist þér vel.”

_____ þakkaði fyrir sig og hélt svo förinna áfram ásamt Nagga. Innan skamms komu þeir að stórum kastala.

_____ vissi strax að þetta hlyti að vera kastali galdrakarlsins.

Hann gekk að kastalanum og barði að dyrum.

Skömmu síðar kom galdrakarlinn til dyra. Hann var grænn í framan. Með annarri hendinni hélt hann um magann og með hinni um kinnina. Hann hafði greinilega borðað allt of mikið nammi og var bæði kominn með magapínu og tannpínu.

”Hvað vilt þú, strákur?” spurði hann öfluglega.

”Ég heiti _____ og þetta er hann Naggi naggrís, og við viljum að þú skilir strax öllu namminu sem þú stalst í nótt.”

”Hmm... ég verð nú að viðurkenna að mig langar ekki í meira nammi í bili,” sagði galdrakarlinn, ”en þú getur ekki búist við því að ég skili því bara svona ástæðulaust. Nei, ef þú vilt að ég skili því verður þú að leysa fyrir mig þraut!”

”Hvernig þraut?” spurði _____.

”Þú verður að láta mig fá tíu hluti sem byrja á N, og það strax, annars skila ég ekki namminu.”

”Allt í lagi,” sagði _____ ánægður, og rétti höndina niður í galdrapokann. ”Hérna er fyrsti hluturinn sem byrjar á N...”

....

Nú neyddist vondi galdrakarlinn til að skila namminu. ”Hérna, gerið svo vel,” sagði hann. ”Ég vona að þið njótið þess jafn mikið og ég – það er að segja ekki neitt!” Svo fór hann aftur inn í kastalann sinn og það var greinilegt að hann var enn með bæði magapínu og tannpínu.

”Ægilega er hann heimskur!” sagði _____ við Nagga naggrís. ”Veit hann ekki einu sinni að maður verður að borða nammi í hófi svo að maður fái ekki magapínu og að maður þarf alltaf að muna að bursta tennur á eftir svo að maður fái ekki tannpínu!”

Svo héldu þeir heim á leið með allt nammið í fanginu.